

## 110/01 - Bergey VE-544,

Bergey VE-544, rekur upp að Klettsnefi

### Bergey VE-544,

**Skipaskr.nr.:** 1478

**Smíðaður:** Sant Malo Frakklandi 1974 Stál

**Stærð:** 339,00 brl; 466,00 bt

**Lengd:** 43,50 m **Breidd:** 9,47 m **Dýpt:** 6,25 m

**Vél:** MaK 1.030,00 kW **Árgerð:** 1974

**Annað:**

**Földi skipverja:**



### Atvikalýsing

Þann 24. nóvember 2001 var Bergey VE-544 að láta úr höfn í Vestmannaeyjum. Veður á Stórhöfða kl. 21:00: NV 22m/s., rigning og súld.

Um kl 20:20 þegar skipið var komið út fyrir hafnargarðana sá skipstjóri þúst fyrir stafni, sem reyndist vera Harpa VE-25, sem hafði verið stöðvuð í innsiglingunni með stefni til SA. Skipstjóri Bergeyjar sá engin ljós á skipinu og beygði til bakborða og ætlaði aftur fyrir Hörpu. Hann reyndi að ná talstöðvarsambandi en án árangurs. Var þá vélarafli sett á fullt afturábak ásamt því að skipsflautan var þeytt til merkjagjafa. Var Hörpu þá siglt út úr innsiglingunni í átt að nýja hrauninu.

Bergey var orðin ferðlaus og dreif undan vindi upp að Klettsnefi og lagðist utan í það með bakborðssíðuna áður en skipinu var forðað frá. Haldið var til hafnar aftur og skemmdir kannaðar.

### Við rannsókn kom fram

- að sögn skipstjóra Hörpu hafi skutljós logað, en mögulega hafi toghleri skyggt á ljósið undir vissu horni;
- að skutljós Hörpu hefur verið fært eftir þetta á betri stað;
- að sögn skipstjóra á Bergey sá hann ekki ljós á Hörpu;
- að sögn skipstjóra á Bergey reyndi hann að hafa samband við Hörpu á rás 12 og 16 en án árangurs;
- að sögn skipstjórans á Hörpu hafi hann haft opið á rás 12;
- að Bergey varð stjórnlaus eftir að ferðin áfram var tekin af skipinu til að forða árekstri;
- að Harpa hafði stöðvað í innsiglingunni til að dæla sjó í lestar;
- að skipstjóri Hörpu kvaðst hafa athugað hvort skip væru á siglingu í nágrenninu þegar stöðvað var til að dæla í lestarar.

### Nefndarálit

Nefndin telur ástæðu þessa óhapps megi rekja til aðgæsluleysi skipstjórnenda.